



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað - 28. júní 2016

Efni: Opinber listasöfn, sýningarhald, samningsdrög, starfshópur, 1602347

Hafnarfjarðarbæ barst erindi frá SÍM dagsett þann 20. janúar vegna átaksins *Við borgum myndlistarmönnum*. Undirbúningur átaksins hefur staðið í nokkurn tíma og var meðal annars unnið að samningsdrögum og greinargerð í starfshópi sem forstöðumenn valinna listasafna áttu aðild að.

Sá starfshópur skilaði af sér drögum að svo kölluðum framlagssamningi ásamt greinargerð. Hvort tveggja hefur verið kynnt fyrir hagsmunaaðilum.

Forstöðumanni Hafnarborgar var falið á fundi stjórnar Hafnarborgar að taka saman greinargerð um mögulega meðferð erindisins hjá Hafnarfjarðarbæ og leggja fyrir stjórn Hafnarborgar.

Það er ljóst að bæta þarf fyrir komulag á greiðslum til myndlistarmanna fyrir þátttöku þeirra í sýningum. Sú leið sem lögð er til í samningsdrögum þeim sem nú liggja fyrir er á margan hátt ágæt. Hún byggir að mestu á svo kölluðum MU-samningi, rammamningi sem um skeið hefur verið í gildi í Svíþjóð milli safna, sem rekin eru af ríkinu, og listamanna. Valkvætt hefur verið fyrir önnur söfn hvort þau nýta samninginn í sinni starfsemi - mörg hafa kosið að vinna eftir honum í heild eða að hluta.

Þær leiðir sem lagðar eru til í samningnum fela í sér verulegan kostnaðarauka fyrir söfnin.

Hvað varðar Hafnarborg þá hefur á síðustu árum færst í vöxt að listamönnum sé greitt fyrir sýningar og efniskostnaður er greiddur samkvæmt samkomulagi hverju sinni. Greidd er þóknun fyrir undirbúning og vinnu við uppsetningu og er upphæðin allt að 350.000 eftir umfangi og eðli sýningar.

Ef kostnaður við sýningar í Hafnarborg er reiknaður inn í samningsdrögin eins og þau liggja fyrir er kostnaður síðustu tveggja ára um fimm milljónir hvort ár. Það þýðir ríflega 5 falda þá upphæð sem greidd var á árinu 2015 en ríflega tvisvar sinnum upphæðina sem áætlað er að verði greidd á árinu 2016. Þetta sýnir að Hafnarborg er að leggja sitt af mörkum til að greiða fyrir vinnu myndlistarmanna við sýningar safnsins og framlögin aukast um ríflega 100% milli árána 2015 og 16 gangi áætlanir eftir.

Hvað varðar samningsdrögin þá er það mat undirritaðrar að ekki sé rétt að hvert safn fyrir sig eða hvert sveitarfélag eða aðrir eigendur safna semji hver í sínu lagi. Mikilvægt er að ráðuneyti mennta- og menningarmála, samband íslenskra sveitarfélaga, safnaráð, samtök listamanna og aðrir hagsmunaaðilar stilli saman



HAFNARFJÖRÐUR

strengi svo innleiða megi samning eða önnur viðmið sem eru viðráðanleg fyrir þær stofnanir sem um ræðir og koma til móts við kröfur myndlistarmanna.

Verði samningur á borð við þann sem nú liggur fyrir að veruleika þarf að gera ráð fyrir auknum framlögum til safna til þess að standa straum af kostnaði við þessar greiðslur. Upphæðir og hlutfallsleg aukning er mjög misjöfn eftir söfnum - í tilviki Hafnarborgar er um að ræða hækkun á útgjöldum um um það bil 4%.

Mikilvægt er að skoðað sé sérstaklega hvernig aðrir sýningarstaðir en söfn eiga aðild að samningi á borð því þann sem hér er til umfjöllunar. Það er hætta á að þetta hafi þau áhrif að sýningum á samtímalist fækki í söfnum og þær færast úr því faglega umhverfi. Það væri ekki góð þróun. Það er því mikilvægt að leitað verði lendingar sem söfnin ráða við og listamenn geta sætt sig við.

Best væri að Hafnarfjarðarbær hvetji til þess að unnið verði að lausn málsins miðlægt.

Ágústa Kristófersdóttir, Forstöðumaður